SKOÐUNARSTOFAN HF.

Skoðunarstofan hf.
SÍÐUMÚLA 15 SÍMI: 581 1388
108 REYKJAVÍK MYNDSÍMI: 581 1383

Umhverfisnefnd
Nefndasvið Alþingis
v-t hr. Ólafur Örn Haraldsson
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/331
komudagur 5/12 1996

YÐAR TILVÍSUN	TILVÍSUN	DAGSETNING
	ÓJ	03.12.96

Varðar: Frumvarp til skipulags- og byggingarlaga.

Tímabær endurskoðun skipulags- og byggingarlaga stendur nú yfir af hálfu umhverfisnefndar.

Í því sambandi vil ég eindregið hvetja til þess að í lögin verði sett heimildarákvæði til handa byggingarfulltrúum að nota sér þjónustu faggiltra óháðra skoðunarstofa við störf sín. Faggilding er leið stjórnvalda til að færa opinbert eftirlit til einkaaðila sem til þess teljast hæfir að fengnu mati Lögildingarstofu.

Til að vinna þessari hugmynd brautargengi, heimsóttum við Egill Jónsson verkfr. Guðmund Bjarnason umhverfisráðherra s.l. vor. Hann tók okkur vel, og var á honum að skilja að eðlileg þróun frá opinberu eftirliti væri þjónusta skoðunarstofa og innri gæðaeftirlitskerfi fyrirtækja. Í framhaldi af heimsókninni sendum við ráðherra hjálagt bréf með ákveðnum tillögum að textabreytingum.

Það er von mín að umhverfisnefnd fjalli um tillögurnar og felli þær í frumvarpið, enda er það skilningur minn að byggingarfulltrúar telji heimildina jákvæða. - Þar sem hugtakið "faggilt óháð skoðunarstofa" kann að vera framandi, lýsi ég yfir vilja mínum og áhuga til að kynna fyrir yður og/eða umhverfisnefnd, uppbyggingu og starfsemi skoðunarstofa.

Með bestu kveðjum,

Óskar Jónsson

AFRIT

SKOÐUNARSTOFAN HF.

Skoðunarstofan hf.
SIÐUMÚLA 15. SÍMI: 581 1388
108 REYKJAVÍK MYNDSÍMI: 581 1383

Hr. Guðmundur Bjarnason
umhverfisráðherra
Umhverfisráðuneytinu
Vonarstræti 4
101 Reykjavík

AFRIT

YÐAR TILVÍSUN	TILVÍSUN	DAGSETNING
	EJ/ÓJ	20.12.95

Málefni: ***Frumvarp til skipulags- og byggingarlaga***

Síðastliðinn miðvikudag ræddum við undirritaðir við yður um ofangreint frumvarp og kynntum áhuga okkar á, að í lögunum verði ákvæði er heimili byggingarnefndum að fela faggiltum skoðunarstofum tiltekin verkefni er heyra undir þær. Við þökkum góðar móttökur og þann áhuga er þér sýnduð málaleitan okkar. Í framhaldi af fundi okkar höfum við nú tekið saman eftirfarandi minnispunkta eins og um var rætt en einnig fylgir hér með stutt kynning á Skoðunarstofunni hf.

Faggiltar skoðunarstofur annast nú lögbundna skoðun bifreiða í landinu, hafa eftirlit með rafföngum á markaði og annast lögbundnar skoðanir há- og lágspennuvirkja. Faggiltar skoðunarstofur starfa í samræmi við "Reglugerð um starfsemi faggiltra óháðra skoðunarstofa", Stj.tíð. B. nr. 346/1993 og uppfylla því strangar kröfur staðalsins EN 45004. Faggiltar skoðunarstofur eru mikilvægur þáttur í breyttri skipan eftirlitsmála á Íslandi, þar sem auknar kröfur verða gerðar til fagmennsku, skilvirkni og lækkun kostnaðar. Meðal annars á þetta við um opinbert eftirlit með byggingum, sem skipulags- og byggingarlög kveða á um.

Þeir þættir í starfsemi byggingarfulltrúa, að hafa eftirlit með því að uppdrættir og hönnunargögn séu í samræmi við lög og reglugerðir og ekki síður úttektir á byggingarstað, falla báðir vel að starfsemi faggiltra skoðunarstofa. Í þessu sambandi er rétt að benda á, að í áðurgreindu frumvarpi eru ákvæði um að faggiltar prófunarstofur hafi eftirlit með tilteknum þáttum varðandi byggingar en í grein 44 segir eftirfarandi: "Byggingarefni, raðframleiddar byggingareiningar og hús skulu hafa hlotið vottun faggiltrar prófunarstofu á byggingarsviði um að þau uppfylli ákvæði byggingar- og brunavarnarreglugerða, standist staðla og falli að verklagi og sérislenskum aðstæðum áður en heimilt er að nota þau til byggingarframkvæmda" Einnig má benda á, að í lögum um Vinnueftirlit ríkisins eru ákvæði sem heimila forstjóra eða stjórn stofnunarinnar að fela öðrum að annast tiltekin verkefni á vegum stofnunarinnar og að í nýlegri reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti hafa faggiltar skoðunarstofur skilgreint hlutverk.

Af ofangreindum ástæðum álítum við mikilvægt að í byggingarlög verði sett ákvæði, sem í það minnsta, heimila byggingarfulltrúum að fela faggiltum skoðunarstofum tiltekin verkefni er heyra undir þá. Við höfum rætt þetta við ýmsa hagsmunaaðila og hafa undirtektir verið jákvæðar enda erfitt að sjá rök sem mæla gegn slíku heimildarákvæði. Vissulega hefðum við viljað sjá í frumvarpinu breytingar sem ganga lengra en umfram allt viljum við þó eiga gott samstarf við þá hagsmunaaðila sem málið snertir og vinna með þeim að skipulagsbreytingum sem horfa til framfara.

Umrætt heimildarákvæði gæti að okkar mati t.d. komið í 42. grein frumvarpsins um starfssvið byggingarfulltrúa og verið eftirfarandi: "Byggingarfulltrúa er heimilt, að fengnu samþykki byggingarnefndar, að fela faggiltum skoðunarstofum tiltekin verkefni samkvæmt framansögðu." Aðrar tillögur okkar að minniháttar breytingum og viðbótum er að finna á hjálögðu blaði.

Við munum á næstunni kynna ráðamönnum og hagsmunaðailum frekar starfsemi faggiltra skoðunarstofa og leita fylgis við, að þeim verði í vaxandi mæli falið byggingareftirlit á vegum opinberra aðila.

Að lokum óskum við eftir stuðningi yðar við málið og vonum að þér mælið með að umrætt heimildarákvæði verði sett í byggingarlög.

f.h Skoðunarstofunnar hf.

Óskar Jónsson, framkvæmdastjóri

Egill Jónsson, stjórnarmaður

Hjálagt: Stutt kynning á Skoðunarstofunni hf.
Breytingartillögur við Frumvarp til skipulags- og byggingarlaga.

SKOÐUNARSTOFAN HF.

Skoðunarstofan hf.
SÍÐUMÚLA 15. SÍMI: 581 1388
108 REYKJAVÍK MYNDSÍMI: 581 1383

Breytingartillögur við Frumvarp til skipulags- og byggingarlaga.

Viðbót við 2. gr., *Skilgreiningar.*

***Skoðun*: Faglegt mat á hönnun mannvirkja, byggingu þeirra og frágangi, til að ákvarða samræmi þeirra við kröfur gildandi reglugerða.**

***Skoðunarstofa*: Faggiltur óháður aðili sem annast skoðun.**

***Vottun*: Aðferð sem þriðji aðili beitir til að veita formlega staðfestingu á því að vara, ferli eða þjónusta sé í samræmi við tilgreindar kröfur.**

***Vottunarstofa*: Faggiltur óháður aðili sem annast vottun.**

Viðbót við 3. málsgrein 39. gr., *Byggingarreglugerð.*

.... réttindi og skyldur byggingarstjóra og iðnmeistara, [**starfsleyfi skoðunarstofa**,] hvernig háttað skuli byggingareftirliti, ...

Viðbót við 42. gr., *Byggingarfulltrúar.* Þessi nýja málsgrein verði sú þriðja í þessari grein.

..... allt eftir því sem nánar er er kveðið á um í byggingarreglugerð.
[**Byggingarfulltrúa er heimilt, að fengnu samþykki byggingarnefndar, að fela faggiltum skoðunarstofum tiltekin verkefni samkvæmt framansögðu.**]
Byggingarfulltrúi skal sjá um að öll gögn sem ákvarðanir .....

Viðbót við 43. gr., *Byggingareftirlit.* Fyrstu þrjár málsgreinar þessarar greinar verði þannig:

Byggingarnefndarmönnum, byggingarfulltrúa, ~~og~~ starfsmönnum hans [**og starfsmönnum skoðunarstofa sem starfa í hans umboði,**] skal frjáls aðgangur að lóðum og mannvirkjum til eftirlits með byggingarframkvæmdum.
Uppdrættir, samþykktir og áritaðir af byggingarfulltrúa, skulu ætíð liggja fyrir á byggingarstað og vera eftirlitsmönnum aðgengilegir.
Liggi rökstuddur grunur fyrir um að fullbyggðu mannvirki sé verulega áfátt með tilliti til ákvæða laga og reglugerða um byggingarmál skal byggingarfulltrúa, ~~og~~ starfsmönnum hans [**og starfsmönnum skoðunarstofa sem starfa í hans umboði,**] heimill aðgangur þar til eftirlits.